

1872.

19. oktbr.

**95. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um vöxtu af tveimur ríkisskuldabréfum í vörzlum hins almenna skólasjóðs.**

Í bréfi, dagsettu 3. þ. m., hefir kirkju- og kennslustjórnin lýst því yfir, að hún væri fús til að láta af hendi úr hinum almenna skólasjóð til hins íslenska landssjóðs skuldabréf þau, sem um er rædt í bréfi dómsmálastjórnarinnar, 3. ágúst þ. á., — annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., — og hefir hún jafnframt gefið til kynna, að hún mundi skipa fêhirði háskólans, að framselja innskriptarskírteini það, sem gefið er út fyrir 600 rd. og merkt er með stafnum C. fol. 1211, og borga í peningum 9 rd. 42 sk., þegar sagt yrði til, hver við ætti að taka og kvitta fyrir.

Um leið og vèr útaf þessu gefum kirkju- og kennslustjórninni til vitundar, að vèr munum bjóða fêhirði dómsmálastjórnarinnar, kanselliráði *Petersen*, að taka við og kvitta fyrir hvortveggja, verðum vèr, ef vextir hafa verið heimtir af tædu innskriptarskírteini eptir 1. dag apríl. f. á., að bera það upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún eigi finni ástæðu til að láta einnig borga tædum fêhirði vöxtuna, samkvæmt því, sem hún hefir ákveðið um sjálfa innstæðuna, og búumst vèr við, að fá vitneskju um hvað afráðið verður í þessu tilliti<sup>1</sup>.

25. oktbr. **96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um breyting á tilskipun 15. desbr. 1865, 2. grein.**

Samkvæmt tilmælum sýnóðusfundar, sem haldinn var í

<sup>1</sup>) Í bréfi 31. oktbr. svaraði kirkju- og kennslustjórnin, að vextir þessir yrði eigi borgaðir, með því þegar væri búið að telja þá með tekjum í reikningi hins almenna skólasjóðs.